



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Google Hangouts 1. september 2020 kl. 18:00

### Mætt:

Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Árni Gunnlaugsson (ÁG), Baldvin Hansson (BH), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Fylkir Jónsson (FJ), Ragnar Róbertsson (RR)

### Fjarverandi:

Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Sigurbergur Eiríksson (SE)

ÞA ritaði fundargerð.

---

### 1. Landslið í nákvæmnisakstri rafbíla

eRally Ísland 2020 var haldið hér á landi sem hluti af heimsmeistaramóti FIA Electric Regularity Rally Cup (ERRC). Í öðru sæti urðu Rebekka Helga Pálsdóttir (ISL) og Auður Margrét Pálsdóttir (ISL) á MG ZS EV ásamt því að vinna sparaksturshlutann!

Íslensku keppendurnir kepptu samhliða á íslandsmeistaramóti 2020 og sigruðu Jóhann Egilsson og Pétur Wilhelm Jóhannsson þann hluta keppinnar með 2.711 stig ásamt því að ná fjórða sæti í heildarkeppninni.

Þessi lið eru komin með sterka stöðu á alþjóðlegan mælikvarða:

<https://www.fia.com/events/electric-and-new-energy-championship/season-2020/classification>

Stjórn AKÍS sendir umsókn til ÍSÍ um að þessi lið verði styrkt til áframhaldandi keppni í þessu heimsmeistaramóti. Keppendur hafi samband við sín aðildarfélög og íþróttabandalög.

### 2. Reglur AKÍS um sóttvarnir

Heilbrigðisráðherra hefur gefið út nýja auglýsingu um breytingar á takmörkunum á samkomum vegna farsóttar. Tilkynning um að áhorfendur væru leyfðir á keppnum barst rétt fyrir miðnætti á föstudagskvöld.

Stjórn AKÍS samþykkir ný drög að reglum um sóttvarnir.

### 3. FIA ráðstefna í haust

Eftir að hafa skoðað þær reglur sem eru á komu til Íslands og einnig eftir að hafa átt samskipti við yfirvöld þá er ljóst að breytingar á reglum um komu til Íslands eru ekki að breytast í bráð.

Gegnum ÍSÍ höfum við fengið skilaboð að ekki standi til að endurskoða þessar reglur fyrr en um áramót - kannski í desember, en ekki fyrr.

Þessar upplýsingar þýða að ráðstefnugestir þurfa að vera hérlendis í fimm til sex daga áður en þeir mættu fara á ráðstefnuna - þannig að dvölin hér yrði þá í það minnsta vika.

Stjórn AKÍS sendir tilkynningu til FIA um að ekki verði hægt að halda þessa ráðstefnu svo gott sé hérlendis, allavega fram að áramótum.



**4. Heimildarvinna um íslenskar akstursíþróttir**

Bragi Þórðarson hefur sent stjórn AKÍS hugmyndir sínar um verkefni. Óskað er eftir tíma og kostnaðargreiningu á verkefninu ásamt nánari útfærslu. Slík greining yrði þá lögð fyrir formannafund í haust.

**5. Erindi frá BÍKR**

Heimir Jónsson formaður BÍKR óskar eftir styrk vegna kostnaðar dómnefndarformanns umfram þann ferðakostnað sem er tekinn fram í reglum AKÍS.

AKÍS mun endurskoða kílómetragjald sem greitt er vegna aksturs.

BÍKR bent á þann möguleika að sækja um styrk í almenna styrkúthlutun sem er opið fyrir núna.

**6. SFI smíðareglur**

AKÍS hefur gerst aðili að SFI Foundation Inc. sem veitir okkur aðgang að reglum og teikningum fyrir úttektir öryggisbúra og keppnistækja í spyrnum.

Prentuð hafa verið þrjú sett, eitt fyrir KK, eitt fyrir BA og eitt verður varðveitt hjá AKÍS.

**7. Önnur mál**

**Verðlaunaafhending meistaratitla** - stefnt á að gera þetta að veglegum viðburði að kvöldi til.

**Val Akstursíþróttamanns ársins** - Samþykkt að Aðalsteinn, Fylkir og Helga setji fram tillögu að nýjum reglum.

**Skráningarkerfi AKÍS** - Dæmi um keppanda sem var staðfestur félagsmaður AÍH og var breytt um aðildarfélag. ÞA þarf að skoða.

**Nákvæmnisakstur rafbíla** - Samþykkt að keppnin gildi til Íslandsmeistara þrátt fyrir að einungis þrjú keppendur hafi verið.

**Íslandsmeistari í 1400 flokk í rallycross** - Samþykkt samhljóða að flokkurinn gildi til Íslandsmeistara.

**8. Næsti fundur**

Hangouts 15. september 2020 kl. 18:00.